

LÖG

um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Eigendur skipa skulu greiða 424 kr. fyrir hvert þorskígildis-tonn úthlutaðs eða landaðs afla, sbr. 3. mgr.
- b. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa á grundvelli hlutdeilda skal gjaldið miðast við hlutdeildir viðkomandi skips í þeim tegundum og úthlutað heildaraflamark þegar gjaldið er lagt á, en miðist úthlutun ekki við hlutdeild skal miða gjaldið við úthlutað aflamagn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað tölunnar „14.200“ í 3. mgr. kemur: 16.500.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Sama gildir sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í fiskiskípi á kostnað útgerðar samkvæmt sérstakri heimild í lögum.
- c. Í stað tölunnar „15.000“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: 19.500.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 30. nóvember 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

LÖG

um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofn-kostnaði og rekstri vatnsveitu. Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.